

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga - 439. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli og verða hér settar fram athugasemdir, vangaveltur og síðast en ekki síst dregið fram það sem jákvætt má teljast. Stiklað verður á stóru.

Í frumvarpinu er áhersla á samráð við notendur. Hér er um mikilvægt og jákvætt nýmæli að ræða. Víða í sveitarfélögum eru nú starfandi notendaráð fatlaðs fólks og hefur svo verið í Hafnarfirði frá því 2012. Góð reynsla er komin á þetta samráð. Öldungaráð hefur verið starfandi í Hafnarfirði frá 2006 er er jafnframt afar góð reynsla af því starfi. Sveitarfélög leggja metnað í að virkja samráð við notendur en fjármagn þarf að vera fyrir hendi til að sinna því verkefni vel.

Í frumvarpinu er lagt til að þjónustupættir sem fram að þessu hafa verið nefndir félagsleg heimþjónusta og félagsleg liðveisla verði felldir undir nýja skilgreiningu sem er „stuðningsþjónusta“. Því ber að fagna að grunnþjónusta sveitarfélaga sé skilgreind og þarf faglegt matstæki einnig að liggja fyrir. Afar mikilvægt er einnig að aðkoma heilbrigðiskerfis að þjónustu við einstaklinga liggja fyrir. Grá svæði eru milli þeirrar þjónustu sem sveitarfélög bera ábyrgð á að veita annars vegar og hins vegar á milli þeirrar heilbrigðis- og öldrunarþjónustu sem lögum samkvæmt er á forræði ríkisins. Skoða þarf vel umönnunarpátt heilbrigðisþjónustu og þá sérstaklega gagnvart stöðu langveikra einstaklinga. Heimahjúkrun afmarkar sína heilbrigðisþjónustu inni á heimilum fólks við fáar kukkustundir á dag þótt fyrir liggja að þörfin fyrir sérhæfða umönnun sé mun meiri. Þekkt er mál frá Hafnarfirði þar sem heilbrigðiskerfið skilgreindi sig í raun að stærstum hluta frá þjónustunni. Um var að ræða langveikt barn sem þurfti nauðsynlega að komast heim til sín af sjúkrahúsi til þess að langdvöl á stofnun bitnaði ekki á tengslamyndun og félagsþroska. Þrátt fyrir að sannanlega sé um sérhæfða hjúkrunarþjónustu að ræða veitir heimahjúkrun mjög takmarkaða þjónustu.

Nauðsynlegt er að kostnaðarmat liggja fyrir hvað varðar stuðningsþjónustu. Ef ekki fylgir raunhæft fjármagn þeim kröfum sem settar eru fram verður ekki hægt að framfylgja lögbundinni þjónustu.

Í frumvarpinu segir að fatlað fólk skuli eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Í dag er ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu starfrækt á sama tíma og akstur almenningsvagna. Verði þetta ákvæði að lögum og fatlað fólk eigi kost á að fara allra sinna ferða á þeim tíma sem það velur þá er hér um verulegan kostnaðarauka að ræða. Þetta þarf að kostnaðarmeta.



HAFNARFJÖRÐUR

Frumvarpið um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem hér er til umfjöllunar er metnaðarfullt og lögð er áhersla á faglega nálgun. Sú áhersla nær ekki fram að ganga nema að undangengnu raunhæfu kostnaðarmati og því að fullnægjandi fjármagn liggi fyrir þannig að gerlegt verði að standa undir þeim kröfum sem fram eru settar.

Hafnarfjörður 15. maí 2017

Rannveig Einarsdóttir

Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar